

Að því viðbættu, að hið umrædda lagafrumvarp var samþykkt í neðri deild alþingis með 20 atkvæðum gegn 3 og í efri deild með 6 atkvæðum gegn 4, leyfi jeg mjer lotningarfyllst að skjóta því til úrskurðar hins háa ráðaneytis, hvort frumvarpið geti álitizt til þess fallið að verða að lögum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu 172
um ágreining um skilning á lögum 23. febr. 1894. — Með þóknanlegu brjefi, 16. marz dagsettu 28. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi, þar sem bæjarfógetinn í Reykjavík fyrir hönd bæjarstjórnarinnar áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 14. desember f. á., út af ágreiningi milli bæjarstjórnarinnar og hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi um skilning á lögum um að leggja jarðirnar Laugarnes og Klepp í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur, dagsettum 23. febrúar 1894, 2. gr., að því er snertir fyrir-mæli tjeðrar lagagreinar um, að Reykjavíkurbær skuli taka að sjer tiltekinn hluta af ómagaframfærslu hreppsins.

Út af þessu skal jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að þar sem ágreiningur sá, sem eptir framansögðu hefir verið skotið til úrlausnar af hálfu umboðsvaldsins, er ekki í raun og veru um framfæri þurfamanns eða þurfamanna, heldur um rjettan skilning á fyrirmælum fyrnefndra laga um það, hvað bæjarfjelag Reykjavíkur eigi að inna af hendi til hreppsfjelags Seltjarnarness sem uppbót fyrir tekjumissi, orsakaðan af því, að 2 bæir eru lagðir frá hreppnum til bæjarins, og lögin hafa ekki falið umboðsvaldinu að skera úr ágreiningi um skilning þeirra, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að það beri eins undir dómstólana að skera úr ágreiningi um skilning ákvæðisins um hluttöku bæjarins í ómagaframfærslu hreppsins eins og úr hverjum öðrum ágreiningi um skilning laganna

Reikningur

173

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Kristjáns konungs hins niunda frá 1. septbr. 1895 til 31. ágúst 1896.

Tekjur:

1.	Eptirstöðvar 1. september 1895:			
	a.	Innritunarskirteini Ltr. A. fol. 84	kr. 8600,00	
	b.	í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 741,50	9341 50
2.	Ársvextir af innstæðu sjóðsins:			
	a.	af innritunarskirteini til ¹¹ / ₁₂ '95 og ¹¹ / ₆ '96	— 301,00	
	b.	af innstæðu í landsbankanum til ³¹ / ₁₂ '95	— 30,27	331 27
			Samtals kr. 9672 77	

Gjöld:

174

1.	Heiðursgjafir veittar:			
	a.	Jóni Magnússyni á Snæfoksstöðum	kr. 140,00	
	b.	Daníel Jónssyni á Eiði	— 140,00	280 00
2.	Eptirstöðvar 31. ágúst 1896:			

31. dag desbr.mán. 1896.